


Sumarnámskeið í Reykhólahreppi



Júní 2019



Námskeiðin:



Mæting er hjá sparkvellingum á bakvið Reykhólaskóla.

Dagsskipulag yngri hóps (2010-2013) er eftirfarandi:

10:00-10:30 Mæting

10:30 Verkefni dagsins

12:30 Hressing

13:00 Íþróttæfing (þriðjudaga og fimmtudaga)

Dagsskipulag eldri (2007-2009) hóps er eftirfarandi:

Mánudaga og fimmtudag:

12:40 Mæting og Hressing

13:00 Leikjanámskeið

14:00 Íþróttæfing

Miðvikudaga:

12:40 Mæting og Hressing

13:00-15:00 Leikjanámskeið

Unnið er með ýmis verkefni á námskeiðunum, dæmi um verkefni eru; fuglaskoðun, útiöldun, plöntur, vettvangsferðir, hópefli, boltaleikir, leikirnir sem pabbi og mamma prófuðu og margt fleira.

Gott að hafa í huga:

-Óskað er eftir því að börn sem koma á reiðhjólunum sínum á námskeiðin séu með hlífðarhjálms, lögum samkvæmt eiga börn undir 15 ára að nota hjálms við hjólreiðar.

-Ekki er tekin ábyrgð á verðmætum. Börnin geta fengið að hringja hjá starfsmanni og þurfa þá ekki að hafa símana sína með.

- Verð fyrir leikjanámskeið sumarið 2019 er 6000 krónur. Verð fyrir íþróttæfingar er 4500 krónur. Innifalið í verði er hádegishressing. Þar sem elsti hópur leikskóla er nú þegar að borga fæði á leikskólann fá þau afslátt á leikjanámskeiðið, 2000 krónur í stað 6000.

-Innifalið í verði er létt hressing. Athugið að ekki er um heitan hádegismat að ræða en börnin í þorpinu geta hlaupið heim í þennan hálf tíma, óski foreldrar eftir því. Dæmi um hressingu: Brauðsneið, súrmjólk, ávextir og drykkur.

-Elstu börn leikskóla eru gjaldgeng á námskeiðið og getur starfsfólk sótt þau börn á leikskólann, foreldrar þurfa þó að láta tómstundafulltrúa vita fyrirfram og gefa staðfestingu sína á leikskóla.



Starfsfólk



Jóhanna Ösp Einarsdóttir

Starfar sem tómstundafulltrúi Reykhólahrepps. Þar hefur hún starfað síðan haustið 2014. En hefur starfað á sviði tómstunda síðan 2006. Hún útskrifaðist úr tómstunda- og félagsmálafræði árið 2013.

Jóhanna er 34 ára gömul og býr í Kaplaskjólí í Fremri Gufudal þar sem hún er fædd og uppalin. Henni finnst skemmtilegt að fara út að hlaupa, fara í gönguferðir og vera með krökkunum sínum. Öll utandryr upplifun er í miklu uppáhaldi þá sérstaklega smalamennskur. Uppáhalds maturinn hennar er Hólabúðarborgari.

Dísa Ragnheiður Magnúsdóttir

Starfar sem Íþrótt- og heilsufræðingur hjá Heilsuborg. Hún útskrifaðist úr Íþrótt- og heilsufræði frá Háskóla Íslands árið 2017 og útskrifaðist sem styrktarþjálfari frá Keili árið 2019.

Hún er fædd í Reykjavík en hefur alltaf verið með annan fótinn á Reykhólum síðan hún fæddist. Fjölskyldan hennar á gróðrarstöðina Hvanngarða sem hún hefur séð um á sumrin síðan 2008. Henni finnst skemmtilegt að hreyfa sig, fara í fjallgöngur, á hestbak, í sund og verja tíma með fjölskyldu og vinum. Uppáhalds maturinn hennar er lambalæri.



Jamie Lee:

Jamie Lee (34 ára) fæddist í Bandaríkjunum og ólst upp í Hong Kong. Jamie hefur starfað sem umbúða, vef og umhverfishönnuður. Hún starfaði fyrir ýmsa hagsmunaaðila og frjáls félagasamtök, svo sem UN Women og listastofnanir.

Eftir frábæra ferð árið 2014 varð Jamie ástfangin af Íslandi. Árið 2016 flutti Jamie til Ísafjarðar til að stunda meistaranám við háskólasetur Vestfjarða. Í meistaraaritgerðinni var lögð áhersla á Reykhóla og uppskeru klóþangs. Hún hefur unnið með Jóhönnu við tómstundastarf frá mars 2019. Jamie elskar list, hönnun, ljósmyndun, köfun, dýr, að borða sælgæti, að dansa, sauðburð, að læra um menningu og að segja sögur.

Ungmennafélagið Afturelding

Ungmennafélagið Afturelding var stofnað 14. mars árið 1924 og varð því 95 ára sl. mars. Félagið hefur haldið úti ýmsum íþróttatengdum viðburðum og má nefna starfsárið 2018 þar sem haldnar voru körfuboltaæfingar, fótboltaæfingar, sundnámskeið, fimleikanámskeið og íþróttaskóli yfir vetrartímann. Yfir sumartímann voru frjálsíþróttæfingar og sundæfingar ásamt Kvennahlaupinu sem er alltaf á sínum stað í júní.

Til gamans má geta að 1. desember árið 1936 var Ungmennasamband Norður-Breiðfirðinga stofnað í Flatey.

Sambandssvæðið spannaði **Austur-Barðastrandarsýslu** með eftirtöldum félögum:

Ungmennafélagið í Flatey, stofnað 1909 - ekki er vitað hvenær það varð óvirkt.

Ungmennafélagið Vísir í Múlasveit, stofnað 1928 - síðasti skráði fundur 195).

Ungmennafélagið Hvöt í Gufudalssveit, stofnað 1927 - starfsemin leggst af um 1956.

Ungmennafélagið Unglingur í Geiradal, stofnað 1909 - síðasti skráði fundur 1980, sameinað Aftureldingu 1989.

Ungmennafélagið Elding í Reykhólasveit, líklega stofnað 1906-1910 - litlar heimildir eru til um félagið.

Ungmennafélagið Afturelding í Reykhólasveit, stofnað 1924, starfar enn og er jafnframt eina starfandi ungmennafélagið í Austur-Barðastrandarsýslu/ Reykhólahreppi.

Stjórn U.M.F.A. skipa:

Hlynur Stefánsson formaður félagsins

Kolfinnar Ýr Ingólfssdóttir gjaldkeri

Birgitta Jónasdóttir ritari

Auður Valdís Grétarsdóttir

Áherslur á leikjanámskeiði

Leikjanámskeiðið er 3 daga vikunnar allan júní og er unnið í samstarfi við ungmennafélagið Aftureldingu. Námskeiðið er hugsað sem upplifun og afþreying fyrir börnin og er unnið í samfelli við íþróttastarf til að auka aðgengi þeirra barna sem búa fyrir utan Reykhóla.

Unnið er með mismunandi verkefni til að mæta þörfum og áhugasviði sem flestra. En þó eru nokkrar meginstoðir í námskeiðunum sem unnið er út frá alla dagana, þær eru:



- Náttúran
- Hreyfing
- Útivera
- Ævintýri
- Leikurinn

Unnið er út frá uppeldismarkmiðum um óformlegt nám, þar sem börnin læra í gegnum upplifun og fá að prófa sig áfram í að finna sín mörk, áhugasvið og styrkleika.



Námskeiðin fara fram utandyra. Því er gott að hafa í huga að börnin séu klædd eftir veðri og að búið sé að bera á þau sólarvörn þegar þau koma á námskeiðið. Einnig er gott að hafa með auka sokka og jafnvel létt aukaföt.

Tómstundafulltrúi mun setja saman möppu með upplýsingum um forráðamenn barnanna til að auðvelt sé að hafa samband við foreldri eða forráðamenn komi eitthvað uppá. Mikilvægt er að foreldrar komi mikilvægum upplýsingum til tómstundafulltrúa ss. ofnæmi og sérþarfir. Foreldrar eru beðnir um að viðra að komutíma (Yngri hópur 10:00-10:30 og eldri hópur 12:45-13:00) því verkefni dagsins hefst stundvíslega á settum tíma.

Mæting er hjá sparkvellingum á bakvið Reykhólaskóla.

Áherslur á íþróttæfingum

Frjálsar íþróttir:

Á frjálsíþróttæfingum er unnið markvisst að því að þátttakendur öðlist grunn í þeim hreyfingum sem framkvæmdar eru í hinum ýmsu greinum sem eru innan frjálsíþróttar. Einnig að dýpka þann hreyfigrunn sem þátttakendur hafa nú þegar tileinkað sér. Lögð er áhersla á að þátttakendur hafi gaman af og njóti sín á æfingum og er lagt upp úr að þjálfunin sé einstaklingsmiðuð.

Búnaður: Gott að vera í þægilegum fötum og góðum skóbúnaði, ágætt að hafa vatnsflösku með sér.

Sund:

Í sundi er unnið með einstaklingsmiðaða nálgun og að þátttakendum líði vel í aðstæðum og hafi gaman af. Markmiðið er að þátttakendur læri grunn hreyfingar í sundi og dýpki þá kunnáttu sem þau hafa nú þegar tileinkað sér.

Búnaður: Sundföt og handklæði (ágætt að hafa sundgleraugu ef börnin eiga).

Til foreldra: Foreldrar yngri barna eru hvattir til að fylgja þeim á sundæfingar.

Tengiliðir

Ef upp vakna spurningar er hægt að hafa samband við Jóhönnu Ösp tómstundafulltrúa.

Tómstundafulltrúi:

Jóhanna Ösp Einarsdóttir

S: 6982559

Netfang: johanna@reykholar.is

Formaður ungmennafélagisins Aftureldingar:

Hlynur Stefánsson

S: 6949181

Netfang: hlynurste@gmail.com

Umsjónarmaður íþróttæfinga:

Dísa Ragnheiður Magnúsdóttir

S: 6614725

Netfang: disarmagnus@gmail.com